



Borgarráð

***Tilnefning fulltrúa Reykjavíkurborgar til viðræðna um uppbyggingu þjóðarleikvanga***

Lagt er til að borgarráð taki jákvætt í hjálagt erindi mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem óskað er eftir fulltrúa Reykjavíkurborgar til viðræðna um uppbyggingu þjóðarleikvanga.

Lagt er til að borgarráð samþykki að skipi samninganefnd sem tekur að sér viðræðurnar og að í samninganefndinni verði Ómar Einarsson, Halldóra Káradóttir og Þórhildur Lilja Ólafsdóttir. Jafnframt er samninganefndinni falið að taka saman greinargerð um stöðumat og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar og leggja fyrir borgarráð.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 28. desember 2021.



Reykjavíkurborg  
Dagur B. Eggertsson  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 150 Reykjavík  
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068  
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 28. desember 2021

Tilv.: MMR21120034/13.4

Efni: Óskað eftir fulltrúa fyrir hönd Reykjavíkurborgar til viðræðna um uppbyggingu þjóðarleikvanga

Á ríkisstjórnarfundi þann 21.12.2021 var samþykkt tillaga um að stofna undirbúningshóp um uppbyggingu þjóðarleikvanga í íþróttum. Hópin munu skipa fulltrúar forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsmálaráðuneytis og mennta- og barnamálaráðuneytis. Hlutverk hópsins er að skilgreina samningsmarkmið ríkisins um komandi uppbyggingu á mannvirkjum sem nýst geta sem þjóðarleikvangar í íþróttum. Hópnum er falið að kynna sér þá vinnu sem nú þegar hefur átt sér stað og þau gögn sem liggja fyrir. Mannvirkin sem vinna hópsins á að beinast að eru þjóðarleikvangar fyrir frjálsíþróttir, knattspyrnu og innanhússíþróttir.

Um langt árabíl hefur Laugardalurinn í Reykjavík verið miðpunktur í íþróttastarfi landsins og vettvangur fyrir marga af stærstu íþróttaviðburðum sem haldnir eru hérlendis. Er ríkur vilji til að svo verði áfram og að borgarþáar og landsmenn allir geti átt þess kost að upplifa íþróttaviðburði í Laugardalnum í þeirri umgjörð sem nútíma íþróttastarf krefst. Ná þarf markvissum umræðum milli fulltrúa ríkis og Reykjavíkurborgar um hvernig svo geti orðið. Ræða þarf kosti vegna staðsetningar mannvirkja og samlegðaráhrifa vegna annarra íþróttamannvirkja sem til staðar eru. Ræða þarf kostnaðarhlutdeild í uppbyggingu þjóðarleikvanga auk fyrirkomulags um rekstur þeirra.

Óskað er eftir að Reykjavíkurborg tilnefni fulltrúa sinn/sína til viðræðna við hóp ríkisins um uppbyggingu mannvirkja í Laugardal sem uppfyllt geta skilyrði til að teljast þjóðarleikvangar í íþróttum. Þess er óskað að tilnefning berist ekki síðar en föstudaginn 7. janúar.

Fyrir hönd ráðherra

  
Páll Magnússon

  
Sigríður Lára Ásbergisdóttir